a Danſka Tungu/ hvor hañ væri eþur hvort hañ ſkyldi fara/ Gautur ſeger hanom greinilega hvor hañ var / oc alt hvorſu afſtod um Ferder hñs/ eñ ſa er fyrer var/ geck at hanom oc fagnar hanom bliðlega/ oc myntiſt vid hañ oc leiddi hañ jñ j Huſit/ gaf hanom Fædu/ oc mælti ſiþañ til hans/ Hvil þik her til aptans/oc ſeig mer Tiþindi or Norvegi/ eñ ſiþañ man ek fylgea þer til Stadarins/ oc tulka fyrer þer/ſiþañ ſpyr hiñ gamli Maþr at Eyreki Jarli/ oc Sveini Brodur hans/ oc athøfn þeiRa/ Gautur ſegir at þeir væri fyrer laungu Vter/þvi næſt ſpyr ħ at Erlingi Skialgſyni oc Aſtriþi Kono hans Gautur ſegir hanom fall Erlings/ oc greinilega alt um ſkipti þeiRa Olafs Kgs / þa ſpyr hañ at Olafi K. hinñ Helga/ Gautur ſeger hanom fall Olafs Kgs/ ꝛ ſva at Sveiñ Alfivoſun hafþi tekit Riki epter hañ j Norvegi / oc ſva at TryGvi ſun Olafs Kgs var kom iñ veſtañ um Haf oc þeir Sveiñ bordiſt/ oc feck Sveirn Sigur/ eñ TryGve fell/ vid þa Sogu vard hiñ gamli Maþur miok hryGur/ oc ſpyr hvar Kgur væri yfer Norvegi er hañ for or Landi / Gautur ſeger at Magnus ſun Olafs hins Helga hafþi Raþit tolf Vetur Norveg/oc þañ hinn þrettanda er Haraldur Kgur Sigurdarſun var komiñ til Rikis/ er ek for or Landi ſeger hñ/ þa mælti hiñ gamli Madur/ vel er mer Hugþockat til Magnuſar hins Goþa/ af margra Manna Fraſogn er þaþañ komo/ eñ Haraldur Sigurdarſun virdeſt mer litlu ſiþur Hervikingur eñ Kgur/ ꝛ heyrda ek margt fra hanom ſagt/ þa ek var j Gricklandi/ eñ hvad ſeger þu mer um þat/ hafa Nordmeñ nockra Miñing Olafs TryGvaſunar? Gautur ſvarar/ haleit er hans Miñing/ þviat mikillrar Dyrdar aflar hanom þat/ er hañ kom Chriſtni a Nordurlønd/ þa mælti hiñ gamli Maþr/ ſeig þu mer ætlan Manna um ꝥ hvad vordit hafi af Olafi TryGvaſyni j Bardaganum a Orminum? Gautur ſvarar/ miſſar getur hafa Meñ þar a/ ſumer ſegea hñ hafi hlaupit a Kaf meok ſar oc ſockit þar niþur med Brynjo ſiNi/oc oþrum Herklædum/ ꝛ hafi fengit ſva Bana / hiñ gamli Maþur ſvarar þa nockru ſtyGra/ eñ þo mz Broſan ſva ſegeandi/ hvi ætla þr hañ mundi vilea fara ſer ſealfur/

oc verda sva Rœddur at hñ mundi ꝼara a Kaꝼ vid þañ Kost/ eꝼ hañ vilþi sik sva Sarañ oc Mattfariñ at hñ mœtti ei brott komaſt: oc ecki heꝼz hñ þa verit ſlik: J ꝼrotta maþur sem hañ var kallaþur / eꝼ Brynja eþur oñur Herklœdi ſkyldu seingi hallda hanom j Kaꝼi/sva at hñ kvœmi ei aꝼ ser/ oc ei ſkyldu m̃ ſlikt trua / oc seig mer eñ fleyri Maña œtlan/ œtla þat sumer seger Gaurur/at Guds Kraptur haꝼi numit hañ til ſin/ eþa sett hañ j nockurn añañ ſtad/ med þvi mikla Lioſi er margꝛ Meñ ſau koma yꝼer Kongiñ/ hiñ gamli Maþur svar Sfanleg oc utruanleg er ſu œtlan/ at hañ mundi vera sva heilagur at hañ vœri maklegur þeirar Dyrdar af Gudi / at Himneſkur Kraptur nœmi hañ liꝼandi ꝼra Moñnum/ þviat þo Olaꝼur Kongur gerdi no ckur Godverk/ þa gordi hñ þo mar gar Synder/ oc þvi er ſliku ei truandi / helldur matti hañ med odru moti oc Guds þullting: ꝼordaſt Liꝼshaſka. Seig eñ fleyri Mañna œtlan/ sumer Meñ segea hañ haꝼi verit tekiñ aꝼ Sundi/ꝛ fluttur til Lands a þvi Skipi er þar la ei lan gt ꝼra Bardaganum um Dagiñ/ helldur ma þeſſu trua seger hñ/ eñ þvi er hañ vœri upnumiñ/ oc þat segea Viſer Meñ oc sañorder ſud ur hingat med oſſ/at hañ haꝼi liꝼ at epter Orruſtuna/ oc alt ꝼram a þeirra langa Aꝼi sem nu ero aꝼ Norvegi litit fatt j ꝼimtyge Vetra/. Eñ þu seig mer hvort Einar Þambaſkelꝼer liꝼer/ hañ liꝼer viſt segir Gaurur/ byr a Gimſum/ oc a Bergliotu Dottur Hakonar Jarls Sigurdarſunar/ hañ er nu meſtur oc goꝼugaſt: Lendra Maña j Þrœn dalogum/ ꝛ allkeœr Magnuſi Kongi/ þa mœlti hiñ gamli Maþur/ Einar Þambaſkelꝼer sa ek beſt ber jaſt a Orminum jamn ungañ/ þviat hañ var jamn vid hina ſterkuſto Kappa Kongſins / Gaurur leit j Andlit þeim Mañi er talaþi vid hañ/ oc hugsaþi hui hañ mundi so kuñuglega segea aꝼ Bardaganum/ oc Hugs Moñum/ Gaurur mœlti þa / seig mer ek þu ert Olaꝼur Hugur/ hañ seger/ ei eigna ek mer Veg ne Hugs Naꝼn/ꝛ i þvi kvad vid Kluckan ꝛ hryngdi til Aptanſaungs j Borgiñi/ ſpratt up þeſſe Maþur þegar vid hina ꝼyrſtu Hyn ging oc geck til Kyrkio oc Gaurur med hanō / eñ sva var þeſſi Mad ur mikill/ at Gurr tok varla j Ox l

 hanom

hanom/er þeir geingu baþer samt/ eñ alla leid medan þeir geings til Kyrkiu/spyr hiñ gamli Maþur at Nordmoñum/oc þeirra Frañferdum/ þessi hiñ mikli Maþur var sva buiñ/ at hñ haþþi Mottul ystañ Klæda/eñ under haþþi hñ Munka Klædi/ eñ er þeir kvamo j Kyrkiu/ þa var þar þyrer margt Manna/ oc bidu Munkar oc Klerkar þessa Mañs/ oc hoþu up þegar Aptansaung er hañ kvam j Kyrkiu/ þa sa Gautur / at þessi Maþur var Hoþþi oc Halsi hærri eñ hver sa þar var/ ꝛ var þvi Hoþþinglegri at sea þyrer allra Luka saker/ sm̄ hñ var meiri eñ aþrer/oc stodu marger umhverþis hañ/aller buner hanom til þionustu. Eñ er Aptansaung var lokit/þa geck hiñ mikli Maþur or Kyrkiu/oc kallaþi til sin Umbodsmañ Klaustursins/ oc bad hañ geora godañ Greida Gauti / þeir leiddu hañ til Herbergis/ꝛ veitu hanom hiñ besta Fagnad. Eñ um Morginiñ gordu þeir hm̄ Bad oc þærdu hañ j hrein Klædi/ eñ annann Dag epter Messu/ er hiñ mikli Maþur geck or Kyrkiu/ þa kallaþi hañ Gaut til sin oc mælti til hañs / ber þu Einari Þambaskelþer Kvedio mina/er þu kemur j Norveg/ oc þat med at ek ber hanom þat Vitni/at eingiñ bardist bet ur a Orminum eñ hañ/oc til sañra Jardteikna / at þu seger hanom satt/ þær þu hanom Kniþ oc Belti er ek sendi hanom / oc þeck hañ hanom þa j Hendur Kniþ oc Belti goda Gripi þess kins/ siþañ geck hñ til Steinhussins/eñ Umbodsmeñ leiddu Gaut til Herbergis þat sa Gautur/ at Meñ virdu so mikils hiñ gamla Mañ/ at epter hañs vilia var ollum Lutum skipat j þeirri Borg/ sem hñ væri þar Hõgur yþer. A þeim sama Degi þor Gautur til Steinhuss hins mikla Mañs/ at leita epter/ eþ hñ mætti eun þramar verda vis hver hañ væri / enn þa var Husit byrgt/ hvarþ Gautur þa aptur til Herbergis. Hinn þridea Dag snemma þor Gautur brott/ oc af Boþi hins mikla Mañs/ varo hm̄ þeing ner Leidtogar/oc Tulkar alt nordur til Gricklands/ letti Gautur sinni Ferd eifyrr/ enn hñ kvam heim til Norvegs/oc þañ Einar Þambask. oc þærdi hanõ Kniþiñ oc Beltit/ oc sagþi hanom allum sinar Ferder/ oc hvad þeir hinn mikli Madur hoþþo vidtalast / enn er Einar

heyrdi

heyrdi þessa Sogn/ þa mælti hañ mz Tarũ/ satt segi ek þer Gautur broder seger hañ/ at þu hefur at visu fundit Olafs Kũg TryGva sun / ꝛ hañ hefur sendt mer þessa Gripi/ Þessa Sogu heyrdi segea Teitz Asgeirssun merkañ oc Vitrañ Þorarinn Þorvaldssun/ enn Þoranni sagþi sealfur Einar Þambaskelfir.

## CIIII. Capituli.

Olafur Kongur var Vinur Englands Konga.

ADalraþz K. Jatvards sun haffþi raþit þ Englandi þriu Ar oc tuttugu/ þa er Olafur Kũgur bardist fyrer Svoldur/ hañ var mikill Vin Olafs TryGvasunar/ sem fyrR var getit/ epter hann Rikti j Englandi Jatmundur Sun hans eitt Ar / oþur Knutur hinn Riki kvam til Englands/ oc stríddi vid Syni Adalrads atta Ar/ siþan hann gyrntist Riki yfer Englandi/ sextan Ar / þa rikti Haraldur sun Knuts oc Emũ Drottningar / er att heffþi Adalradur Kũgur þriu Ar/ epter þat Hørda Knutur tvo Ar / siþan var tekinn til Kũgs j Englandi Jatvardur hinn Goþi sũ Adalrads Kũgs / Jatvardur var minnugur Vinattu fra Adalrads Kũgs Fodur sins oc Olafs Kũgs TryGvasunur/ Jatvardur Kongur tok þat j vanda sinn/ at segea Hoffþingium sinum oc Hirdmoñũ Sogu Olafs Kũgs Paskadag hiñ fyrsta/ enn þvi sagþi hann helldur Sogu Olafs Kũgs a Paskadag/ eñ einhvern añaN Dag / at hañ kvad Olaf Kong TryGvasun hafa verit af morgum Lutum umfram afra Konga sem Paskadagur er ædri eñ afrer Dagar a Tolf Manudum.

# Þattur Halldors Snorrasunar.

## CV. Capituli.

HAlldor sun Snorra Goda af Islandi var med Haraldi Kongi Sigurdarsyni medañ hañ var Vtanlands/ oc leingi siþañ er hañ feck Riki j Norvegi/ oc velvirdur af hanom. Þat bar at eitt siñ at Islendskur Maþur sa er Tiliffur het/ vard fyrer Reidi Haralds Kũgs/ eñ hann bad Haldor flytea

 Mal

Mal sitt vid Küng / oc sva gordi hañ/ Haldor var Stridmæltur oc Hagordur/ eñ meok falatur/hann bad Kong at Ulfur skyldi fa Landsvist af hanom/ Kongur neitaþi þvi þverlega/ Haldor var þyckiumykill sem aþrer Islendingar/ oc þotti jlla er hañ feck ei þat er hñ beiddi/hñ for siþan brott fra Haraldi/ & Ulfur med hanom/ þeir kvamo til Gimsa til Einars Þambaskelfis/ oc beiddi Haldor at hañ mundi taka vid þeim/ oc veita Asea Ulfi / eñ Einar sagdist vid hanom mundi taka med þvi moti at Haldor vildi oc þar vera med hanom/ Haldor mælti / hvar visar þu mer til Sætis/ Einar bad hañ sitea j Ondvegi gegnt ser/ Einar atti þa Konu er Bergliot het/Dotter Hakonar Jarls Sigurdarsunar Hlada Jarls. Haldor geck jamnan til Bergliotar/ oc sagþi heñi morg Afintir/ þær sem Utanlands hefþu gorst j Ferdum þeirra Haralds Küngs. Maþur het Kali/ hañ var unqur at Aldri/ oc nockut skildur Einari / Illgearn var hañ oc nockut Ofundsiukur/ Hadsamur oc Havaþamikil/ hann var þa Skosveirn Einars/ oc hefdi leingi þionat hanom / Kali var Hagur vel a Gull oc Silfur/ þvi var hañ kallaþur Gyllingar Kali/ marga Meñ ragþi hañ vid Einar oc var Sundurgerdamaþur mikill j Ordum / bæþi sundurlausum oc samfostum/ hañ hafþi miok j Hadi vid Haldor/ oc bad aþra Meñ yrkea Nyd um hañ / eñ eingi vard til þess/þvi feckst Kali at flymta hañ/ Haldor vard þess var/ oc einhvern Dag geck hañ til Stemū Bergliotar/ oc er hañ kemr at Dyrunum/ heyrer hañ þar sñ Hamælgi mikla/var þar jñni Kali/oc marger Meñ aþrer / þeir bera þa fram fyrer Husfreyu Hrop þat er Kali hafþi kvedit um Haldor/ Bergliot bad þa þeygea oc seger sva/ þetta er jlla gort / at fast upa ukunna Meñ med Hropyrdum/oc Hadsemi oc munu ydür Troll toga Tungu or Hofþi/hefr Haldor veret reyndur framar at Frækleik eñ flester Meñ aþrer j Norvegi/ Kali mælti/ecki er ek hræddr vid hañ Morlanda/ þo at hañ hafi mikil Metord af þer/þviat vær hofum spurt at hañ var settur j Dyplissu ut a Gricklandi / oc la þar a Ormshala athafnarlaus/ & ecki megnandi Haldor þoldi ei þessi Atyrþi/Liop

hañ

hañ iñ i Herbergit at Kala/ oc hio hañ Banahogg / oc er Bergliot sa þat/ bad hun geima Oxena / sva at eingi kiæmi fyrr ut en heñi likaþi/ þa mællti Haldor/ Bidea vil ek Husfreya/ at þu sier eitthvort gott Rad fyrer mer/ þo at ek hafi ei til þess unnit/ hun svarar/ Ek a marga Frændur naskylda/ þa er Lender Meñ eru/ oc veit ek vissilega til hvers þeirra ek sendi þik/ at sa tekur vid þer fyrer minar Saker/ Haldor mællti/ hugsa þu svo fyrer at med eingom Mañi vil ek a Laun vera haldiñ/ sem Illrædismaþur/ Bergliot seger/ þat mano þo fair Menn i Norvegi utan sialfur Haraldur Kongur/ at dugi at halda þik fyrer Einari/ ef hañ vill epter þer leita/ þvi hañ mun viss verda hvar þu kemur niþur/ er oc til añat Rad seger hun/ oc er þat þo ei hættulaust/ Haldor mællti/ hvert er þ̃ hun mællti / at þu ganger nu þegar iñ i Stofu / saker þess at nu eru tvo Viti a Hendi þer/ annat Vygs Vitit/ eñ añat Borda Viti þviat þu komst ei til Borda med odrum Moñum/ þviat nu sitea m̃ yfer Bordum/ mattu nu ganga iñ fyrer Einar/ oc segea hanom Tidindin/ oc ef þu færer hanom Hofut þitt oc bidast sva vid hañ/ at þu sert ei drepinn/ enn ef hann vill ei Grid gefa med þvi moti/ þa man ei hægt at forda þer fyrer hanom/ siþan geck Haldor iñ fyrer Einar oc mællti/ ei hefer ek opt verit vitur fyrer Bords tilgengu hefur nu oc sva tilborit/ at ek hefer ei verit Sysluláus/ Einar svarar seger þu Vyg Kala Frænda mins/ Haldor svarar/ þessarar Sakar er ek sañur/ oc þvi vil ek nu færa þer Hofud mitt/ oc gior af slikt er þer likar / Einar seger / Vyg þetta er þik hefur hendt/ er hid vesta oc nær nær hoGvit/ þviat Eindridi Sun miñ mundi sva eñ añar drepiñ vera/ at mer mundi ei meira þykea/ Haldor svarar/ þat Mañtion væri olikt / Einar mællti / Brædur Kala/ mano tilsea þat Sæmda siñ ek er um Eptermal oc Vygsbætur epter hañ/ er þat oc litilmannlegt/ at ek lati mer sva þykea sem eirn Hundur hafi fyrer mer drepiñ verit/ þar sem Kali var/ mun þat þa heldur leidast odrum at viña slik Illvirki / ef þessa er hefnt epter maklegleikum/ eñ þo man hæfa at hafa Heidri Magnusar Kongs Fostra mins Olafss. at gefa [illegible]

Reidina fyrst j stad/ þviat opt þyk er þa annat sannara er hun lidur af enn aþur hefur frammfarit. Nu skiu Haldor fyrst fa mer Sverd þitt/ þviat ek vil þat hafa/ Haldor svarar/ hvad þarf ek at leGea af mer Vapn min? þui vil ek hafa Sverd þitt seger Einar/ þviat ek se ef nockut er þreyngt þinum Kosti/ at þu munt verea Hendur þinar medan þu matt/ ef þu hefur Vapn at Vega med / oc er þa ei orvænt at sva fari fleyri sem Kali hefur farit/ oc man ek þa æi betur vid una/ enn þat man þo samanfara ef þu ert sottr/ at þu mant hafa Mann fyrer þik/ nema þu hafer fleyri/ enn þo man ek yfer þik vinna at sipustu/ gack nu fyrst til Bords med mer/ enn ek man siþan upsegea Viti þin/ enn engom Fridi heiti ek þer aleingdar/ Haldor gorþi sva/ at hann at z drack med Einari/ sem hann ætti ecki um at vera / oc af Hendi feck hann Sverdit / oc tok Einar vid þvi/ Viner Haldors badu hann brott fara ef hann mætti/ Haldor svarar/ ecki man ek leynast fra Einari/ þar sem ek hefir aþr geingit a Vald hans/ oc er Haldor var mettur/ geck hann fyrer Einar oc spyr hvarn hann vildi þa gora hans Luti?

Einar svarar/ siþar mantu enn þat vita/ Haldor geck þa brott/ oc seger Bergliotu hvar komit var/ hun svarar/ ei vantir ek at Einar lati drepa þik/ enn ef hann vill nydast a þer/ þa hygti ek þer þvi / at þa sk enn meiri Tiþindum gegna. Oc þenna Dag stefnir Einar fiolment Þing/ hann stod up a Þinginu oc talaþi svo/ ek man nu skemta ydur oc segea fra þvi er fyrer longu var/ þa er ek var a Orminum Langa med Olafi Hugi TryGvasyni þat bar sva til/ þa er mer var skipat med Kolbeini Stallera z Flesiu Byrni a Orminom/ var ek þa atian Vetra gamall / oc fyrer Leg framm tekinn j Kappatoluna/ niu vu þeir Menn er brott komust af Orminum/ enn fra oss Kumpanum er þat segea/ at ver lupum fyrer Bord af Orminum/ siþan Hugur var horfinn/ med Liosi þvi er yper hans skein/ oc Daner Menn Sveins Kongs toku oss oc færdu Hugi/ ett hun færdi oss til Jotlands/ oc varo ver þa þar upleidder/ z settir a eina Lag/ oc þar Fiotraþer/ enn sa er oss vardveitti/ vildi selia oss j Trældom/ hann het oss Afarkostum oc Limalati/ ef ver vildum ei þiast/ oc j

oc j þeim Skogi satum ver þriar
nætur / þessi Maþur er oss vard=
veitti/ let þa mots kvedea/oc kvam
þañig mikit Fiolmeñi/oc at þesou
moti sat eirn Maþur mikill sva
buiñ sem Munkur j Blam Kufli/
oc haßþi Grimu ßyrer Andlitino/
þesse Maþur geck at oss Kumpan=
um/ oc mælti til Meystara vors/
viltu selea mer þann hitt gamla
Þræliñ? hañ svarar/ hvad skal þer
aßgamall Þræll oc neñingarlaus?
Grimumaþuriñ svarar/ hañ man
þo odyrstur aß Þrælum ollum/ Ja
sagþi Meystariñ vor/hñ skal vist
udyrstur / Met hañ þa seger Gri=
mumaþuriñ/ Meystariñ Mat ꝥ
tolß ora Silfurs/ Grimumaþuriñ
svarar/dyr þykir mer þa Þrælliñ/
med þvi ek se hañ aßgamlañ / oc
Forverkslitiñ/oc er ei ulykt at hañ
lißi skam̃astund/ man ek geßa þer
ßyrer hañ Merk Silßurs / eß þu
vilt þvi kaupa/þa geck Grimumad
ur at mer seger Einar/ oc spyr hv=
or mik heßþi at geima. Ek heß
er eñ ecki seldañ hañ seger Meystar
iñ / eñ þo ma hañ seleañ/ hversu
dyr seger Grimumaþur skal hañ ve
ra? Meystariñ mælti/all vel mun
hañ þer dyr þykea/ kaup hañ ßyrer
þriar Merkur Silßurs / eß þer
likar/ alldyr mun hañ þa vera seg
er Grimumaþur/ Eñ sea þykiumst
ek at Frændur hañs oc Viner mun
du gearnañ kaupa hañ þviliku ver=
di/ eß hañ væri a sino Landi/ Ek
vissa þat seger Meystariñ/ at þer
mundut ei kaupa hñ sva dyrt sem
ek Mat. Siþan ßor Kuflmaþuriñ
a brott/ oc ßor viþa um Torgit/
imsa Gripi ßalandi / oc med þvi
at hañ ßeck eingu keypt/ ßor hñ ap=
tur til vor sva segeandi. Nu var
ek a Torgi/ oc þviat mer var ecki
kaupleg t/ kom ek eñ hingat/ vil ek
ßala þañ Þræliñ er ek heßer Ordi
akomit / þviat ek se at sva mikill
Maþur sem hañ er oc sterkur/ at
hañ man vinna ei sva litit eß þes=
se vill duga/ ero Meñ Takmikler
eß þeir vilea Meñast / synist mer
þvi Rad at kaupa þa alla/ Meyst
ariñ svarar/ þu parßt þa mikils
vid/ eß þu kauper eiñ þria Þræla/
þat skaltu þo vita / seger Kußl=
maþur/at ek heßer hazt/ þo ei ßær=
ri Huskarla/ Beorn var Metiñ ꝥ
tvæmerkur / dyrer ero Þrælarner
seger Kußlmaþur/ oc veit ek ogior
la hvad ßram̃ßer um Peninga mina
hvort þeir mano viñast til Verds
þeirra/ hañ steyper þa Silßreno i
Kyrtil=

Kyrtilblad hans oc mælti/ haf þu nu fra fyrer tolu þina/oc væntir ek at ei muni þetta minna/ oc siþan lætur Kuflmaþur leysa oss oc þotti oss þa betrast vor Kostur/ Grimumaþur geck þa brott i Skogin/ oc bad oss fylgea ser/ oc er ver komum fram i eitt Rioodur/ spurda ek hn at Nafni/ hann svarar/ ecki vardar þik at vita Nafn mitt/en þ kan ek þer at segea/ at ek hefer eitt sinn sed þik fyrri oc alla ydur/ ek vilda þo vita seger Einar / hvors Þræll ek skyldi vera/ en ef þu vilt gefa oss Frelsi/ þa vildum ver oc vita hvarium ver ættum þat at launa / Grimumaþur svarar/ei muntu þess viss verda þenna Dag hvad ek heiti / þa sagþa ek seger Einar/ verit mundi þat þo hafa at ek mundi Rapit hafa vid einn Mann oc aprer tveir med mer/ þo at Daner ætli þat ei/ Kuflmaþur svarar/oc kipti up litit Hettinum/vera ma at ek þiai ydur ei/enda ma ek i eingo vera ydar Rudungarmaþur. þo at þid seut þryr/ en ek einn/ Nu liggur her Vegur/ et ek man visa ydur til Skips þess er Menn eiga/ oc mano þeir taka vid ydur/ oc flytea til Norvegs / enn þu Beorn seger hann skipt Fearlut þinum/oc gef hann so sem þu hyggur Salu þinni vænlegast/þviat þu munt ei lifa halfum Manuþi lengur/ siþan þu kemr heim til Bus þins / en þu Kolbein munt koma heim a Upplond/oc munt þykea merkilegur Maþur/ hvar sem þu ert/ en þu Einar segir hann munt verda fra mestur Maþur/oc vera umfram flesta Menn i Norvegi i mergu lægi/þu mant oc fa Bergliotar Dottur Hakonar Jarls / oc mantu Bua a Gimsum / oc halda Virdingu þinni til Daudadags/enn af þer einom man ek Laun hafa/ fyrer Lifgefzena oc Frelsid/þviat þer einum hygg ek at mest þyki verdt ef þu ert ei Þræll. Ek svara at ohægra væri at Launa ef ek visa ei hvoriom Gealda var/ eþa hvoriu Launa skyldi/ hann svarar/þvi skaltu Launa / at ef nockur Maþur gorer sva mikit i moti þer / at þ hvervetna vilier þu hafa hans Lif/ oc hafer þu Vald yfer hm/þa skaltu ei minna Frelsi gefa hanom enn ek gef nu þer/ þ man þer eindælt þviat fæer munu gora a moti þer saker Rikdoms þins oc Vinsælda oc at sva toluþu lypti Kuflmadur in Grimu fra Andliti ser oc mælti/hvad

hvad hyGi þer - hvorer her Ri-da um Skogiñ / oc munu ætla at gripa oſs/ eñ ver ſitum aller vid ꝛ vildum ſea Meñina/ oc er vær litum aptur/var Grimumaþuriñ hvorfiñ / oc ſiþañ ſaum ver hañ aldri/ eñ þeña Mañ kendum ver aller full georla/ at þetta var Olafur Kõgur TryGvaſun/ þviat þegar fyrra ſiñ er hañ lypti Kufl hettinum/ kenda ek hañ fyrer viſt/ eñ ſiþañ h̃ lypti up Grimuñi / oc ſyndi oſs ſina Aſionu/ kendu ver hañ aller ꝛ toludum vor j milli / at oſs hefþi meſt uvitnrlega tiltekiſt er ver hofdum ei Hendur a hanom/ eñ þa tiadi oſs ecki at ſakaſt um verdiñ Lut ſiþan geingũ ver þñ Stig til Seafol/ſem hñ viſadi oſs/ oc fundum þar Nordmaña Skip/ oc for alt epter þvi hañ hafþi oſſ fyrerſagt um vora Ferd / Nu er ek ſkildur til ſeger Einar/ at gora þat er Olafur Kõgur bad mik / ſyniſt mer nu ei añat likara Haldor/ eñ hñ hake þ̃ þer bedit/ þvi þu ert nu a minu Valdi / oc aþur Einar hafþi lokit Sogu ſiñi/var Bergliot komiñ a Þingit Kona hñs med flock Maña/ oc ætlaþi hun at þeir m̃ ſkyldu bereſt vid hñ/ oc ſækia Haldor ef hañ vildi hanom ei Grid gefa. Siþañ bætti Einar Vyg Kala Frændum hñs/ eñ helt Vinattu vid Haldor ſamnan ſiþan/en Haldor ſendi Kilif til Iſlands ꝛ ſætti hañ aþur vid Harald Kñg/ oc ſva kvam hñ ſer j ſætt vid hañ/oc var Haldor mz Kõgi leingi Æfi ſiþñ/ eñ þat hafþi verit ſok Kilifs at h̃ hafþi drepit Hirdmañ Haralds Kõgs oc fyrer þat hafþi hañ Reidi a hanom.

## CVI. Capituli.

### Her ſeger fra Sigurdi Biſkupi.

SAmilegur Keñimaþur oc godrar Miñingar Guñlaugur Munkr at Þingeyrum/ hefur marga Luti oc merkilega med tegſamlegu Latinu Dicti ſamanſett oc ſagt af agætum Herra Olafi Kõgi TryGvaſyni / hefur hañ frodlega fra þvi ſagt hvorſu Konguriñ hefur med Lifi brott komiſt or Bardaga þeim er hañ framdi ſiþaſt vid Svoldur/ ſegiſt broder Guñlaugur þat eina ſkrifat hafa ſem hañ hefur af Sañordum Meñum heyrt ꝛ einkanlegaſt hafa ſamanleſit. þat er hañ hefur fundit j Bokum Ara Preſts hins Froda. Eñ at lidnum

Bardaga þ Svoldur / vitur neimdur broder Gunlaugur Munkur sinum Orduñ til Nordbiskups Olafs Kongs er Sigurdur het / oc nu skal nockut aþ segea mz Guds Ordlofi.

Med hvad vidurkvæmilegt er seger broder Gullaugur þessari Sogu at samteingea aþ heilogum Lifnadi oc Raglimlegu Sidlæti Postulegs Herra fyrrnemnds Nyrdbiskups / at ver vitum med hvorri endalykt hanz Lifsstunder hafa lidet / þviat hañ hefur Herra Kongsins fremstr Fulltingis Madur verit til vorrar Saluhealpar / hvadañ aþ oss syneft hañ vordiñ Postulegur Predikari voRa Nordmaña / þviat þessi agæti Herra Olafur Kongur hefur oss fyrstur allra Riettchristiña gort med Biskuplegu Fulltingi / eñ styrt sidañ oc stiornat Christinndominum med Kunglegu Valdi / bædi med heilogum Ordum oc hialpsamlegum Aminñingum oc Aeggiunom Aþ uprun a edr Ætt eþa hvorr Þiodar Sigurdur hefur verit / er oss ei ukunugt j hvorium Skola hañ hefur numit svo / og hvenær hañ muni til Kongsins komit hafa / enn þat skilium ver vel aþ sannordra Manna Sogn / at hann haþi verit bædi Stirkur oc Stiornsamur j sinom Biskupsdomi. Epter skilnat þeirRa Olafs Kongs vendi Sigurdur Biskup til Sviþiodar at Bæn Olafs Kongs Eyrkesenar er þar var med þeirri Sætt oc Samningi / at Herra Biskup skyldi hafa frialsa og ferþerd um alt Sviariki / at Predika Guds Eyrindi til Riettsnuningar þeirri Ð nu Sviþiod / er þar haþþi langa Tima skemdarfullum oc skinlausum Skurdgodum þionat / Sigurdur Biskup vard þessum Kostum miok feginn / þviat hann hrygdi optlega sa oþur Harmur er hann hafþi feingit af fraveru sins agæta Herra Olafs Kongs / enn aþ odrum hætti gordist hann harla fus aþ Ablæstri heilags Anda / at gora Gudi sem mestann Heidur j Lyfni oc Leidrietting Heidiña Þioþa / oc hañ haþþi sem Gunlaugur seger / veitt Helga Skyrn Olaþi Svia Kongi / oc fielda añara Mañña þeirra er stridt heþþu moti Olaþi Kongi Trygvasyni / sidañ Predikadi Sigurdur Bp Svium Guds Ord j tvo Ar hin næstu / Christnadi Biskup alt Landsfolk / nidurbriotandi bolvadañ Blotskap / eñ aukandi Christiñdomiñ med heilagre Skyrn

re Skyrn/ astundandi mz ollu Kost geꝛfi Magiñ at styrkia / oc leida til Guds þionustu.

### Predikun Sigurdar Biskups fyrer Svium.

Á Þridea Ari sem þess i styrkur Stolpi Christnīnar Sigurdur Biskup haffdi snuit til rettrar Truar Svium/ risu j mothanom marger oc mattuger Menn/ med miklu Offbeldi oc udæmilegri Illsku/ sumer Fotrodandi vidtekna Tru/ eñ aþrer gorþu af þeim openbert Motkast j Atfer vid Biskupiñ/ oc sva sem hanom verdur þat kuñugt/ snyr hañ til þess stadar er Sigtun heiter/ oc var j þeim stad samankomiñ mikill fioldi Rikra-Mañā/ er rettre Tru oc helgri skyrn hofnudu/ eñ a eiñi virduglegri Guds Natid flutti fyrrnefnd-ur Herra Biskup heilagt Messu-Embætti j nockri reksamlegri Holl oc byriar hañ þa Christilega Keñing med fagurlegri Predikan/at mik lum Mañfiolda hiastandandi.

Nehrit mer seger hañ heilagrar Christñi motgangs Meñ/oc mothbriotandi saña Tru/ hvorier sañlega meigit kallast grimmer Gudnydingar Um næstu þria Vetur hefer ek mz allskonar Erfidi astundat ydra Nadsyn/ at þer mættud maklega med miñi Keñingu koma til rettrar Truar / oc keña sva ydar Grædara JEsum Christum/ eñ fyrerlata vondskap oc Villu / þer vitit oc at fyrstañ Tima/er ek var her/skyrda ek med Guds Lofi oc Christilegri Tru Ung ydvarn / hvorn ek hygg nu mz Guds Myskun/godañ Mañ vordiñ / sva skyrda ek oc mikiñ Mañfiolda añara Manna / eñ a næsta Ari epter þat/ urdu marger af ydr til æskingar sins eilyfs Lifs af langri oc fornfaguligri Flærd/ Heidinglegrar Hindurvitnu/fyrer skommu voru þer skynlauser/ oc hiner vestu Villumenn ei þa endurgetner fyrer Vatn oc heilagañ Anda/ eñ Frialser Fostursyner heilagrar Christni. Nu kañ ek ydur at segea eiñ undarlegañ Lut/at miñi var su Guds skipan er hañ gordi alla Luti af eingum Efnum/eñ at gora goda Meñ oc heilaga af vondum Villumoñum. Nu gorer vor Herra Jesus Christus med siñi Myskun sva/ at hañ kallar Synduga mēn til sañrar Idrunar/ oc liknar þeim er Leidrettast vilia. Nu þo at ek fiedi ydur sva mikla Luti / oc odrum þvilikum af Guds vilia / oc

 gnogu

gnogu Valdi vors Herra Jeſu Chriſti/ þa grana ek at ydru Hugſkoti verdi min Kenning miok uvarkarſom/ þviat mikill Mañfioldi aꝼ ydur hefur illa oc umañlega afne itat tilteknñi Tru/ oc Vilea vors Drottins/ þeim er ek Grundvalladi her um næſtu þriu Ar. Nu ſkulu þer þat vita / at ꝼyrer ydra Glæpi oc Gudnydingsſkap/ er ek optlega mæddr aꝼ Andlegri Hrygd/miñiſamr verdr mer nu ſa Oꝼurharmr er um allañ mik lek/þa er ek ſa miñ ſætaſtañ Vin oc Frægaſta Herra Olaꝼ Hug. TryGvaſ. alla Vega þreyngeaſt aꝼ yþrum Hervapnum/ oc brott dragaſt fra allra Augum / hvorn þer hug þut nu ſala þañ vera/ eñ þvers j mot ydvari hugſun ſegi ek hañ ſañliꝼa hvorn er ek jata mik ꝼramaſt elſkat haꝼa j þeſu Liꝼi/ eñ miklu framar angrar mik þat at þer aꝼneitit ydvari Healp/ eñ jatit nu ſealꝼvileandi þiñ Godum oc Gydiom er ek ſnera ydur ꝼra um ſtund med miklu ſtarꝼi/ oc epter ſvo gort ætli þer at gora mer mot/ oc mik til draps at draga/ eꝼ þer megit oc gora mer ſlikañ Koſt ſem þer haꝼit aꝼþur gort Guds þionuſtu Moñum ei ꝼyrer laungu er þer tokut aꝼ Liꝼi j þeim ſtad er Vegſtor heiter/ ero þeir nu til hvilldar komner oc Naꝼar Andlega med Jeſu Chriſto ꝼyrer ſitt Piſlarvætti. Nu þa ei ꝼyrer ſaker Otta edur Hræzlu hryGeunſt ek/ hvelldur ꝼyrer ydra Naudſyn einaſaman/ þviat ek uGi at ek Syndgunſt aꝼ ydvari þa dænrilegri Folſku/ eñ med ſañendū ſege ek oruGlega/ at j eingañ ſtad er ek til Strids buiñ/ hellldur Andlegrar ꝼramgongu/ ei miñur eñ nockur ydar/ þo at ek beri ei epter mer Vapn Veralldleg / hliꝼunſt ek med herlegum oc hialpſamlegum Folkvapnum/ nu man ek ydur ſyna hvilykum Herklædum ek er Skryddur/ oc ſtyrktur / oc Gudlegum Malum Grundvalladur / Skryddur er ek Mytru oc Meſſuſerk / Stolu oc Dalmadiku/ Hukli oc Handlini/ oc Biſkuplegum Bagli / þvilik oc þeſshattar Meſſuklædi merkea þa hino ſtyrkvu Von / er mer hliꝼer bædi j ꝼarſællegum Lutum/ oc gagnſtædlegum/ Skrydunſt ek Daglega Hreinleika Andar oc Likama medañ ek liꝼi med Moñum/ er þ Meſſuſerkiñ greiniſt/ Mytrid merker Vonena/ Stoluñar Aſetning þidiſt lett oc ſætt þeim er Gud elſko/ oſigranleg Trua ſtyrker mik oc ſtadꝼaſtlega

ſu er

su er Dalmadikan merker/umþram þessar Guds geaþer. ferhvoriar er Guds Ast/ su er yþergeingur alla Syndlega Luti / er Hokullin heþur at merkia. En Biskuplegur Bagall merker Andlegt Sadkorn Gudlegra Orda/aþ hvoriu vonder Mēn snuast þra Illskuverkum til ageætrar Gudhrædslu / verda þeir siþan minker oc marger Litilater samlag aþer eiliþum Naþum / eñ grimer Gudnyþingar oc sliker Ofneytslu oc Ofmetnaþar Meñ/ sem þer sealþer sagit ydur vera/ skulu aþ hr ædilegu Guds Ordi bólvaþer vera oc utkastaþer j ydstu Myrkur þar sem þyrer er Frost oc Tañagnystran/ Nu skiliest vid slikar udader oc snuist hvar ꝛ eirn aptur Heartãlega til Astar vid siñ Skapara/leggit allar ydar Synder under Guds Dom/ þviat med siñi margþaldre Mildi snyr hañ siñi Bliþu pullkomiñni aptur til ydar aþ ollum illum Lutum leyþstra oc lidugra/ sem þa er þer komit or Skyrnarbruñenũ er ek heþir nu ydur tiad oc syn da saña Von eiliþra Fagnaþa med þeim ollũ Lutum sem nu heþir ek greint aþ vorum Herra Jesu Christo ꝛ mattigũ Kũgi allrar Verald ar/ oc at sva toludu geingur Virdugleg ur Herra Sigurdur Biskup ut aþ Hollinñ a vidañ Voll/ at lokinu Messu Embætti/ ꝛ aptur Meñ þeir er þar varo hea standandi/oc sem Lydurin var brottgeingin j sitt Heibergi/ geck jñ til hañs eirn Islendskur Maþur/er Hunrodur het hañ var sun Veþriþar hins gamla þyrrneþndr Hunrods packaþi Herra Biskupi er hañ haþþi Predikat þa þ Lidnum um Dagin/ eñ er Herra Biskup þañ pullkomiñ Godvilea þessa Mañs/oc sa at hñ mundi j Miñi haþa fest oc Hiartanlega haldit þat er hañ haþþi talat/ tok hañ vid Hunrod sæmilega/oc þretti hvoriu hañ ætlaþi þraiñ at þara/Hunrodur svarar/sigla man ek j Austurveg / eþ sva þer sem ek ætlaþi/bad hñ þa Biskupiñ blidlega segea ser / hvort hann skildi marka hagi sina a Himintungla gang/ sva sem þroder Meñ hoþþu þ hann gort / Biskup svarar/ Son miñ þar ecki med Forneskiu eþur Hindurvitni / heldur þel þu Gudi a Hendur allar þinar Vonar/oc þo at þer apliſt Fræg ð eþa Fe arluter/ þa packa þat Gudi/þviat hñ gaþ þer/ oc þvi skalltu hans Umbuna/ at halda yfer alt þram helgra

helgri Tru/ þa sem ek hefer kendt þer / þviat hun er ageætari allskonar Audæfum/ þa spyr Hunrød ur Sigurd Biskup hversu mikla Peninga hañ ætti / at hañ mætti taka af hanom nockut Lan ser til heillar oc Hamingju/ Biskup svarar/ ei veit ek at ek eigi nockra Peninga nema eirn Gullhring er mer gaf Olafur Þũgur TryGvasun/ miñ sæti Herra oc ageætur Elskhugi/ oc veit þat Gud at sa Gullhringur er mer sva skiædur siñ hiñ hvassasti HoGormur/ oc gearnañ vilda ek afla Gudi hefañ af nockurra Maña Saler med sogdum Hring/ heldur eñ gora mer Saluskada af hañs Vardveitslu. oc nockru fiþar er þeir Biskup oc Hunrødur hoffþo skilit / fretti Hunrødur at fyrrnefndur Gullhringur var skiptur i þria Luti / oc gefiñ til Velæsner mørgum Herteknum Christnum Moñum. Sva er sagt at epter fyrrskrifaþa Svoldar ORusto for Sigurdur Biskup i Sviariki/ oc dvaldist þar leingi/ ꝫ medañ hñ var þar/ heyrdi hñ Svia tala optlega /at Olafur Kongr TryGvasu hefþi stigit ꝥ Bord af Orminum oc sockit nidur i Sia/ med Vapnum sinum / oc latit Lif sitt/ oc sem hañ heyrdi Meñ slika Luti tala/ spyr hañ þa/ segit mer ef Olafur Þũgur TryGvasun er Stadødur vordiñ sem þer ætlit/ hvi syneft þa su Brynea er hañ hafþi i Bardaganum up vera fest at Jorsolũ i eino miklo Musteri sva sem þar er almeñilega kuñigt/ eþa hvi er þa Spiot hañs oc Hialmur at soñu syndt i Antiochia/ eþa hvør flutti þessa Luti i sva fiærlæg Lønd/ ef þeir hefþi þar niþur sockit sem þer segit? Þeir andsvara þa hs Mali/ ef þu veitst viseulega at Olaf: K. hafi brott komist or Bardaganum/ saña þu þat mz skynsemi/ sva at ver meigum þvi Trua/ oc þa er þeir hofþu þessa Luti sagt/ þagdi Biskup um stund oc ei af þvi/ at ei væri med hanom soñ Skynsemi at svara til þra Luta er hañ væri spurdur / heldur ꝥ þa Søk at hañ vildi æi þeña Guds Gimstein optnemndañ Olaf TryGvasun leyndañ i Munks bunaþi ꝥ Som bera epter Ordum Jesu Christi þeim er hañ sva taladi/ hyrdit æi at bera Gimstein fyrer Svin/ oc þvi segir Biskup sva heldur vildi Olafur Þũgur epter þvi hañ vel visþi/ þiona einum ꝫ

seññum

sonum Gudi naþlakanlega/ en at sti-orna leingur Nanglatra Manna þol-le/ þeirra er hann sa sik eckí stoda meiga.

Fra Andlati Sigurdar Biskups.

Sva þvist oc skriþat aþ Sig-urdi Biskupi/ at þa er hann gordist gamall/ þor hann til þess stadar er Verud heiter/oc þar þienadi hann Gudi leingi. Sva er sagt at j þui stad haþi verit Jard-ader marger Munkar/oc er Biskup eldist adallega z uþyrkkist at Lika-ma/leitaþi hann at næraſt nadug-lega sva sem tilheyrdi gomlu Man-ni/oc a einum Fostudeigi bar sva til/at hann let ser Bad gora/oc sem hann Badadist/ kom Rodd yþer hann sva mælandi/ hvidyrþist þu Mad-ur hvildar at leita herþilegum Li-kama þinum a þeim Deigi er Dr-ottinn þinn Jesus var a Kross negl-dur/ þessi Ord hugleiddi Biskup sealþum ser til Saluhealpar sogd vera / mæddist hann skiott oc geck brott aþ Badino/giorandi merkile-ga Jdran mz skiran Skriptargang þ sin aþbryzzdi er nu varo Tiad/ oc oll onnur er hann haþþi Gudi j moti geort/ oc epter þa Daga þell Sigurdur Biskup j sarann Siuk-dom / Farsællega þramlidandi af þessu stundlegu Liþi almennilegann Veg til almattigs Guds/þeim se Loþ oc Dyrd einum i þrenningu um Veralder Veraldanna/ Amen.

A þeim sama stad sem Sigurd-ur Biskup Andadist / var hanns sæmilegur Likami einkanlega Jard-adur aþ sinum Klerkum oc Christn-um Leikmonnum/med mikilli Veg-semd oc ageætri utleidslu/ sva sem somdi sæmilegum Biskupi/ Sva seger broder Oddur er bleſt heþur Componat a Latinu/ annar Mad ur enn Gunnlaugur aþ Olaþi Kungi TryGvasyni/ at Grimkell Bis-kup/ sa er var med hinom heilaga Olaþi Haraldssyni/ oc eþldi Ch-ristinndominn j Norvegi/væri Syst-ursun Sigurdar Biskups sem þyrr er getit/ enn AsgAutur er var hinn þridie Biskup j Drandheimi var Systursun Grimkels Biskups/ enn þeir varo Systursyner Asgauts Biskups/ Jon hinn þiordi Biskup j Drandheimi oc annar Ketill Kalþ ur aþ Hringanesi/er atti Gunnilldi Dottur Sigurdar Syrs/ oc Astu Gudbrandsdottur / varo þ v sam-mædd Systkin hinn heilagi Olaþur Kongur oc Gunnhildur.

Conn. C.p.

## CVII. Capituli.

### Fraſaga Orms Þorliotsſunar oc Syn Breſtis Islendings.

MAður het Ormr oc var Þorliotsſū / Vitr Madur oc Rettordur / hann beo a Dyrneſi j Orkneyum / þa er Jatvardur hinn helgi var Kongur at Englandi / Ormr ſeger ſva / at hañ heyrdi Jatmund K. leſa Sögu Olafs Kongs TryGvaſunar / af þeirri ſomu Bok ſm̄ Olafur Kongur ſialfur haffdi ſendt Adalradi Kongi fra Jorſolum. A einu Ari las Jatvardur hiñ helgi fyrer Hoffþingium ſinum / oc allre Hird ſiñi um Bardagañ a Orminū oc ſeger þar alt a eirn Veg ſem adur er Ritat um brottkomu Olafs Kongs / oc um Ferd hañs ut yfer Hafit til Jorſala / oc hū heffþe ſtad feſt ſik j Klauſtri nockru a Syrlandi / oc þa ſeger Jatvardur ſinum Moñum Andlat Olafs Kongs TryGvaſunar / eñ þeir Meñ hoffþu ſagt Kongi er þa varo nikomner af Syrlandi til Englands. Sva her ut heyrer Gunlaugur ſagt j Latinu A þvi Ari er Þorlakur Biſkup Rūnolfsſun for fram af þeſſari Verold / bar merkilega Syn f. þañ Mañ er Breſter het / a þañ hatt / at hañ þottiſt j Kyrkiu ſtaddur a Bæn ſiñi / þa fell a hañ Svefn / þa ſyndiſt hanom ſem Tungl fari epter Himninum or Auſturatt / & þangat yfer ſem hañ var / oc ſem hañ ſkyniar þeſſa Syn / ſyndiſt Skip j Tunglino oc a tveir Meñ med beartri oc blidri Aſiono / & þeſſa þottiſt hañ ſpyrea ſva ſegeandi hvorier eru þid? aNar þeirra ſvarar / her er Olafur Kongur TryGvaſun oc Sigurdur Biſkup / Breſtir ſvarar / hvort ſkulu þid fara? þeir ſvara / vid ſkulum fara j Skalholt at finna Þorlak Biſkup / er nu er ſala þur / oc hañ ſkulu vid þadañ med oſs burt flytea / oc epter ſva talat / foru þeir fram ſiñ Veg / eñ er Breſtir vaknaþi / hugſadi hañ hvad þ hañ haffþi borit / oc þotti vera miok merkilegt / oc a ſomu Nottu bar þ hañ afra Syn / hañ þottiſt vera utiſtaddur / oc þottiſt ſea hid ſama Skip ſem fyrr ſa hañ aptur a Veg faranda / hanom ſyndiſt þa þrir Meñ j Skipino / þeir ſomu tveir ſem fyrr ſa hañ / eñ medal fra þottiſt hū keña Þorlak Biſkup uplitandi til Himens þa mælti Breſtir / hver þu Fader /

ertu Þorlakur Biskups? hañ svar-
ar/ ek er sa? Brestir mælti / ertu salaþur? Biskup svarar/ Andadur er ek/ Brester mælti þa mz mikilli AhyGio/ hvørn skulũ ver nu hafa Biskup epter þik? Biskup svarar/ Magnus Einarsun skulo þer hafa Biskup/ oc andlegañ Fodur/ oc epter þat hvarf þessi Syn fra Bresti/ oc vaknaþi hañ/ oc þessi Brester er Synena sa / var Afi Jons Biskups/oc beo siþañ j Þickvabæ j Veri. Eñ bar fleiri merkilegar Syner þ Meñ/ þa er Meñ frettu framfør Þorlaks Biskups af þessum Heimi.

## CVIII. Capituli.

### Gunlaugur Munkur samsetur Olafs Søgu.

Þa segia þeir bb. Gunlaugur oc Oddur/ at þess er Meñ hafi þeim flest frasagt/ hvad er þeir hafa siþan samansett/ oc j Frasagner fært af Olafi Kũgi TryGvasyni/ Geller Þorgilssun/ Asgrimur Vestlidasun/ Biarni Beergþorsun / Arnguñ Arnorsdotter/ Herdis Dadadotter oc Þorgerdur Þorsteinsdotter/ oc siþañ segist Gunlaugur synt hafa Sogu Olafs Kũgs Gisuri Hallssyni / oc hafþi jagþur Gisur þa Bok hea ser tvo Ar/ en er hun fram aptur til brodur Gunlaugs, Emenderadi hañ hana sialfur/ þar sem honom þotti þess þurfa/ þ Vald oc Verdleika þess Guds Astvinar Olafs Kongs TryGvasunar / ero sæler Norvegs Meñ/ oc ei at eins þeir heldur sammvel þeir er hier byggia Island/oc øll þau Lønd er under Norveg liggia/ er Almattigr Gud gaf þessum Løndũ sva virduglega Eign oc Huggun/ sva halettañ oc mattulegañ styrk / sva langliþa Hialp / oc eilyfa Dyrd oc vendilega Virding / at hañ kaus ei ein hvorn oss til formælanda / heldur hñ sem hædstur var j Norvegs Riki/ hañ grundvallaþi heilaga Christni oc astundaþi med allri Godfysi oss at keña Guds Bodord/oc lada oss sva til Eilifrar Fullsælu/heñ var Kũgr vor j siñi Stiorn oc stormensku/ eñ Biskup vor j siñi Predikã/ h ma z rettilega kallast Postuli vors Christindoms yfer Norveg/ oc hañs Underlondum/ frumver oc þvi stadfastlega/ at þ hñs Arnaþar Ord hafi þessi Partur Nordurhalfuñar/ feingit Ã lemter

añlegañ Geiſla/ oc ſkedugañ Stolpa oc ſtirktar Mañ/ up at Tymbra þat Smidi/ ſem Olafur Kügr TryGvaſü haffi aþur fagurlega formerat oc giptulega Grundvallat ſem var Guds Trua hañs Logmal oc Rettindi/erum ver fullkomlega Sæler þeſs Fagnaþar er hañ gaf oſs þeſsa Heims/ at keña vorn Skapara & Græðara Jeſü Chriſtum. Þvi ſkulum ver þacker geora uaflatañlega Allsvaldanda Gudi/ er hann gaf vorum Foreldrum oc ollum oſs ſlikañ ſæmdarmañ ſem var Olafur K. TryGvaſü med Chriſtni Kongdomſins oc Dyrd heilagrar Kyrkiu / med ſkipau heilagra Sida oc Logum Landſins / med Valdi oc Virding Kongdomſins/ med T[illegible] Biſkupanna/ med Sæmd Kennimañanna/ oc Aflau Kaupmañanna/ aller eio þeſſer under Hlyðni oc Logum hins bleſſaþa Guds Aſtvinar Olafs Kügs TryGvaſüar/ þviat hinum Rikuſtu gaf hañ Tygn/ eñ hinum Fatækuſtu Miſkun eñ ollum almennilega veitti hañ ſaña Vernd oc varðveitſlu / oc þvi Lifer hañ nu oc at Eilifu j hæðſtu Himnarikis Sæmd med ſialfum Gudi þeſſ er Lifer oc Riker eirn Gud j þrenningu/ per omnia ſecula ſeculorum Amen.

Her endar Sagan af þeim Naffrægа Kongi Olafi TryGvaſyni.

## So at þeſsi Blød ſem epter eru ɑf Aukeno verdi ecki Avd/þa ſeiſt her nockut til ur gamalli Bok/ um Norvegs Bygging/ oc hverſu Konga Etter hoƒuſt þar/ ehur j oƒrum Londum ehur hni þeir heita Skiøldungar/ Budlungar/ Bragningar/ Avdlingar/ Davlungar/ ehur Niflungar/ ſem Konga Etternar eru aƒ komnar.

Ravmur ſun Nors Kongs/tok Riki epter Fodur ſiñ/ hñ atti Alƒheima/oc ſva vitt Riki/ſm Ar þær falla er þar ſpretta up/Ravmur Jøgur atti Samdryckin um Jol vid Bergƒiñ ſun Þoris Jotuns aƒ Verma/ oc geck hañ j Reckio Bergdiſar ſyſtur hñs/oc epter þat gat huñ þria Sonu/ Alƒbiorn Brand oc Alƒ/ hañ ƒoſtradi Berg ƒiñur/ ꝛ var kallaþur Fiñalƒur. Beorn var med Modur ſiñi/ꝛ v^r kallaþur Jotunbiorn. Brand ſendi hun til Ravma Foþur ſins/ eñ hañ gaƒ hañ Gokonum/oc var hñ kallaþur Godbrandur/hñ gaƒ Ravmur Jøgur Dali þa er Gudbrands Dalir ero kallaþer. Jotunbyrni gaƒ hañ Ravmsdal. Eñ Alƒi Eyſtri Dali/ꝛ alt ƒyrer nordañ Vgne oc ƒra Gautelƒi/ oc nordur til Ravmelƒar/þat varo þa kallaþer Alƒheimar. Godbrandur Dala Kongur/var Faþer Avdleiƒs ƒodur Godmundar Kongs/hañs ſun var Godbrandur er ei vildi lata kalla ſik Kong/ꝛ let geƒva ſer Jarls naƒn ꝥ þvi ħ vildi vera Rikaſtur Jarl a Nordurlondum/ħs ſun var Geirmundur Jarl/ƒaþer Rogeirs Jarls/ foþur Godbrands / er hverki vildi vera Kongur ne Jarl/ oc let geƒva ſer Herſis Naƒn/ ꝛ red þo Londum ſem Kongur / oc at ongvo var hañ urikari / hañs Ettmenn varo ſiþañ Herſar. Jotunbeorn hiñ gamli var Faþer Ravms Kongs/ƒaþer Nordbearnar/F. Ormꝫ Skeleamola/ ƒaþer Knattar/ ƒodur þeirra Þorolƒs galma/oc Ketils Ravms. Syner Þorolƒs varo þeir Helgi Faþer Berſa/F. Þormods/ Faþir Þorlavgar/Med ur Tungu Odds. FinnAlƒur hiñ gamli feck Svanhild^r er kol'ut var Gullƒeoþur / hun var Dotter Dags Hellingsſonar / oc Solar Dottur Mundilƒara/ Sonur þeirra var Svanur Faþir Sæfdra/ hañ var kallaþur Svanur hiñ Ravdi.

 vdi.

vdi. Sæßari var faþer Vilßs/ ßaþer Alßs/ßaþer þeirra Ingimundar oc Eysteins. Raumur hinn gamli ßeck siþar Hildar Dottur Godrauds hins gamla/ sonar Sølva Kongs/ er ßyrstur ruddi þar sem nu heita Soleyjar. En Syner hans varo þeir Godraudur/ Havkur/ Haddingur oc Hringur. Godraudur var Kongur epter Fødur sinn/ oc Kongar varo aller hans Ættmenn. Eysteirn Illraþi var hans son/ hann setti Innþrændum Hund sinn ßyrer Kong/ er Saur het ßyrer þat er þeir høßþu drepit Audmund er hann haßþi sett þar til Landgæslo. Havþur atti þ Riki sem kallat er Haþaland/ hans Sun var Hoddbroddur ßaþer Rolßs/ßedur Romundar Berserks/ßøþur þeirra Hamundar oc Haka / oc Gunnhlaþar Moþur þeirra Ufsteins oc Insteins. Hamundur var Nordajarl/ hann var ßaþer Hroks hins Svarta oc Hroks hins Hvita. Haki var ßaþer Hrodgeyrs ßøþur Hrodmundar/ßøþur Haka Berserks/Gunnlød var Dotter Hroks hins Svarta / en Moþer Hromundar Gripssonar. Haddingur Sun Rauma atti Haddingadal/ oc Þelamork/ hans sun var Haddingur fader Havgna ens Rauþa. Epter hann toku Riki Haddingar þrir/oc var hver þeirra epter annan/ Helgi Haddinga Skati var med æinum þeirra. Hringa Hugur Son Rauma atti Hringa Riki/ oc Valdres/ hann ßeck Dottr Vißils Sækongs/ þeirra sun var Haldan gamli/ oc þa er hann tok Kongdom / gordi hann Blot mikit at midium Vetri / oc blotaþi til þess hann skyldi meiga Lißa þriuhundrud Vetur i Kongdomi sinum / sem sagt var at Lißat heßþi Snær Hugur hinn gamli/en Frettinn sagþi hanom sva/ at hann mundi Lißa ecki meir enn Manns Aldur enn þ mundi vera þriuhundrud Vetra/ at eigi mundi vera othenn Madur i hans Ætt/ oc eigi Kona/ hann var Hermaþur mikill/ oc Herjaþi viþa um Austurveg/ þar drap hann þann Kong er Sigtrygg het i Æinvygi/hann geck at eiga Alßnio dottr dottur Eyvindar Kongs or Holmgardi/þau atto nyo Sono/ het æinn Þeingill/ oc var kallaþur Marþeingill/ Ræsir/ Gramur/ Gylßvi Hilmer/ Jeßur/ Tyggi/ Skyli oc Naki. Þesser nyo er sagt at aller væri jaßngamler/oc urþo sva

agæter

ag: æter/at jollum Frædū ero þeir-
ra Noßn hoßd ßyrer fignar Noßn
oc Konga Noßn. Sva er sagt
at ængi þeirra ætti Bern / oc
ßello aller señ i ORusto. Enn
attu þau aðra nyo Sono/ hetu þr
sva/ Hilder / Næßill / Auþi /
Skelßver/ Dagur/ Bragi/ Budli
Loßþi oc Siggar. Hilder Sig-
gar oc Loßþi/varo aller Herkong
ar. Auþi/ Budli oc Næßill va-
ro Sækongar. Dagur / Skelß-
ver oc Bragi sato at Londum/Dag
ur atti Þoru Dreingea Moþer/e
atto þau nyo Sono/ het eirn Ol-
añar Knut/ þridie Joßur/ ßiordi
Arngrimr. Oli var F. Dags
F. Oleißs/ F. Hringa/F. Olaßs
ßaþer Helga/ ßaþer Sigurdar Hi-
artar / ßoþur Ragnhildar Moþur
Haralds Harßagra / su Ætt Har-
alds var kollud Doglingar.
Arngrimur atti Eyßuro / þeirra
Sun var Angantyr Berserkur.
Bragi gamli var Kūgur a Val-
dresi/ hañ var ßaþer Agnars/ ßad-
er Alßs/ßaþer Eyreks/ ßaþer Hil
dar/ Moþur Halfdanar ens Mil-
da/ faþer Godrøþar/ ßaþer Hal-
danar Svarta/ ßoþur Haralds
Harßagra/ þesse Ætt Haralds heit
er Bragningar.

Skelßver var Kūgur a Vors/ ha-
ns sun var Skioldur faþer Eyreks
hins Frækna/ ßaþer Vikars/ ßad-
er Vatvars/ ßaþer þeirra Imals
oc Eyreks/ faþer Giþu er atti Har
aldur hiñ Harßagri / þat heiter
Skilßinga Ætt/ eþa Skioldunga
Ætt. Hilder var ßaþer Hildi-
brands/ ßaþer Vigbrands/ faþer
Hildis oc Herbrands/ ßaþer Har
alds ens Grænska / ßaþer Asu
hiñar Storraþo/ Moþur Haldan
ar Svarta/ßoþur Haralds Harfag
ra. Þessi Ætt Haralds Harfag
ra/ heiter Hildingar.

Siggar var ßaþer Siggeirs/er
atti Signio Dottr Volsungs Ko-
ngs / Siggar var oc ßaþer Sig-
mundar er atti Hildi Dottur Gri-
iotgards Kūgs/ af Mæri / hañs
sun het Siggar faþer Signiar/
hañ let heingea Hagbard/þat heiter
Siklinga Ætt.

Loßþi var Kūgur mikill / þat
Herlid er hanom ßylgdi/ero Loßþar
kallaþer/ hañ Herjaþi a Reid-
gotaland/og vard þar Kūgur/hñs
Syner varo þr Skekkill Sækong-
ur oc Skyli/ ßaþer Egdis/ ßaþer
Hialmþiers/ ßaþer Elyma/ ßaþer
Hiordisar/ Moþer Sigurdar Faß-
nisbana

nisbana/ Faþer Aslaugar/ Moþur Sigurdar Orms j Auga/ faþer Aslaugar Moþur Sigurdar Heart ar/ fodur Ragnhildar Moþr Haralds Harfagra / þesser Ættmenn Haraldar kallast Lofþungar.

Auþi oc Budli varo Sækongar/ oc foro baþer saman med Her sin/ þeir kvamo med Lidi sino til Saxlands/ oc Herjoþo þar viþa/ logþo under sik Valland/ oc Saxland/ oc settust þar at Londum. Auþi hafþi vald oc var faþer Froþa/ faþer Kars/ faþer Aulrunar/ faþer Eysteins / faþer Ingvars hins Haka / faþer Braut-Aunundar / faþer Ingealds ens Illraþa/ faþer Olafs Tretelgio/ faþer Haldanar Hvitbeins/ faþer Eysteins/ faþer Haldanar Milda oc Matar illa/ faþer Godraudar Veiþi Kongs/ faþer Haldanar Svarta/ foþur Haralds Harfagra/ þesser Ættmen Haralds kallast Ydlingar.

Skioldur het sun Oþins Asa-Kongs/ hann var faþer Fridleifs/ faþer Fridfroþa/ faþer Fridleifs faþer Havards Handrama / faþer Froþa/ faþer Vermundar Vitra/ faþer Olafs Litilata/ faþer Dans hins Mikilata / faþer Froda Fridsama / faþer Fridleifs / faþer Froþa Frækna / faþer Ingealds Starkaþar Fostra/ faþer Hræreks Slaungvanbauga/ faþer Haldanar/ faþer Hræreks Slaungvanbauga / faþer Haralds Hilditannar/ Broder Haralds var Randver fader Sigurdar Hrings/ Er þa slik Ættartala til Haralds Harfagra sem fyrr seger.

Budli hafþi Saxland / hann var faþer Attils/ faþer Lunfna/ fader Budla/ faþer Saurla eþur Serla/ oc Atla/ oc Brynhildar Moþur Aslaugar/ oc er su Ætt Haralds Kongs Harfagra kollut Budlungar.

Næfill Hungur var faþer Heimars faþer Eimefs/ faþer Rakn/ fader Giuka/ faþer þeirra Gunnars & Hogna/ Godrunar Bodnyar/ God brandar/ oc er þat kollut Niflunga Ætt/

Nu ero taldar Konur þær sem fyrst komo j Ætt Haldanar gamla/ enn þa en fyrsta Kona kom j Ættena/ var liþit þriuhundrud Vetra fra Blótino er Haldan Vletaþi til Aldurs ser oc Rikiss.

Alfur hinn gamli red fyrer Alfheimum/ hann var faþer Alfgerrs

foþur

fodur Gandalfs / faþer Alfhildar/ Alfhildur var Moþer Ragnars Lodbrokar/fodur Sigurdar Orms j Auga/ faþer Aslaugar Moder Sigurdar Heortar/faþer Ragnhildar Moþur Haralds Harfagra.

Haraldur hiñ gamli sun Valdars hins Milda Hroarsunar/ atti Hervoru Heidreksdotter/þeirra sū var Haldan Snialli faþer Ivars Vidfadma/ faþer Audar enar Diupudgu/hana atti Hrærekur Slaungvanbaugi/ þeirra sun var Haraldur Hilditoñ. Siþar atti Auþi Radbardur Hnigur/þeirra sun var Randver faþer Sigurdar Hrings/ ebur Rings/ faþer Ragnars Lodbrokar / faþer Sigurdar/ faþer Aslaugar/ Moder Sigurdar faþer Ragnhildar/ Moþer Haralds Harfagra/er fyrstur var Einvalds Kongur yfver Norvegi.

Vari heþur Kongur heitit er red fyrer Tyrklandi / hañs sun var Burs/faþer Oþins Asa Kongs/ faþer Freyrs/faþer Niardar/faþer Freyrs/ fader Fiolnis / faþer Sveigdis/ faþer Vandlanda/ faþer Visburs / faþer Domalda/ faþer Domars/faþer DyGva/er ver kollun TryGva/ faþir Dags/ faþer Agna skialfva bonda/ faþer Alreks / faþer Ingva/ faþer Jormfroþa / faþer Ana ens gamla / er ver kollum Añ/ er niu Vetur drack af Horni fyrer Elli faker aþur hañ do. Añ var faþer Eigels Rannmadelgs / faþer Ottars Vandils Kraku / faþer Adils at Upsolum / hañs sun var Herleyfur / hañs Sun var Havar hiñ Handrammi/hañs sun Froþi / hañs sun Vermundur Vitri / hañs Dotter Oloþ/ hun var Moþer Froþa Fridsama hañs sun Fridleifur / hañs sun Frodi Frækni/ hañs sun Haldan hañs sun Hroar / hañs sun Valdar hinn Mildi / hañs sun Haraldur gamli/ hañs sun Haldan Snialli/hañs sun Ivar Vidfadmi/ hañs Dotter Auþur Diupudga / hennar sun Randver / hañs sun Sigurþur Ringur / hañs sun Ragnar Lodbrok / hñs sun Sigurdur Ormur j Auga / hañs dotter Aslaug / hennar sun Sigurþur Hiortur / hañs Dotter Ragnhildur / hennar sun Haraldur hiñ Harfagri. Haraldur hinn Harfagri atti marga Sono eirn hañs sun het Sigurdur/hañs sun

